

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja sem hafa leyfi til eignaleigu

30. ágúst 2010

Tilvísun: 2010040005

## Efni: Eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir við framkvæmd uppgjors í kjölfar riftunar á kaupleigusamningum á bifreiðum

Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar hvernig framkvæmd uppgjors væri háttað í kjölfar þess að kaupleigusamningum á bifreiðum væri rift. Í því skyni sendi Fjármálaeftirlitið þann 9. apríl sl. dreifibréf til þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa leyfi til eignaleigu samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.). Í umræddu dreifibréfi var óskað eftir upplýsingum um framkvæmd uppgjors við riftun á kaupleigusamningum og þá sérstaklega hvort uppgjör sé endurskoðað í þeim tilvikum þegar bifreið er seld á herra verði en matsverð hennar hljóðar á um samkvæmt uppgjöri. Af svörum fjármálafyrirtækjanna má ráða að mismunandi er milli fjármálafyrirtækja hvort uppgjör er endurskoðað við framangreindar aðstæður.

Af því tilefni vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á 1. mgr. 19. gr. fftl. þar sem fram kemur að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að það samrýmist eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum að skuldari njóti góðs af þeim hagnaði sem myndast þegar bifreið er seld á herra verði en matsverð hennar hljóðar á um samkvæmt uppgjöri.

Með vísan til framanritaðs beinir Fjármálaeftirlitið því til fjármálafyrirtækja sem leyfi hafa til eignaleigu skv. 3. tl. 1. mgr. 3. gr. fftl. að yfirfara starfshætti sína með framanritað í huga.

Fjármálaeftirlitið hyggst birta ofangreinda túlkun á heimasíðu eftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Björk Sigurgislaadóttir